

Byggðasamlagið Oddi bs.  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hellu

Hella, 16.5.2019

Foreldrar nemenda á Heklukoti hafa haft samband við foreldrafélagið og lýst yfir áhyggjum sínum af starfsmannamálum á leikskólanum vegna mannekle í vetur. Allir eru sammála um að starfsmenn leikskólans séu að vinna eftir bestu getu og er þakklæti í þeirra garð. Það er þó nauðsynlegt að bregðast við þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir þar sem vel rekinn og mannaður leikskóli er hagsmunamál fyrir samfélagið í heild. Foreldrafélag Heklukots óskar eftir að stjórn Odda bs. taki málið til umfjöllunar og reyni eftir fremsta megni að skapa vinnuaðstæður sem auka ánægju starfsmanna og tryggja þar með öryggi nemenda í leikskólanum og bæta aðstæður þeirra.

Virðingarfyllst,  
F.h. foreldrafélags Heklukots



---

Klara Valgerður Brynjólfsdóttir  
Formaður